


JAKOBS- STIGI

EFNI

- gúmmíteygja
- naglar
- silkiborði
- viðarlengja

VERKFÆRI


- bakkasög
- hamar
- límstifti
- hamar
- tommustokkur
- vinkill



VERKLÝSING

1

- Fáðu viðarlengju hjá kennara.
- Notaðu tommustokk og mældu 5 jafn langa búta.
- Notaðu vinkil til að strika beina línu þvert yfir viðinn. Þannig verður hún hornrétt (90°).



2

- Festu bakkann við hefilbekk. Nú festir þú viðarlengjuna í bakkann og sagar með bakkasöginni eftir línunum sem þú merktir.
- Pússaðu brúnirnar á kubbunum með sandpappír. Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150, 240 og að lokum 320.



JAKOBS- STIGI

EFNI


- gúmmíteygja
- naglar
- silkiborði
- viðarlengja

VERKFÆRI

- bakkasög
- hamar
- límstifti
- hamar
- tommustokkur
- vinkill

3

- Mældu x cm borða. Klipptu þrjá jafn langa borða.
- Tylltu borðunum með lími á styttri enda eins kubbs. Á öðrum endanum er einn borði fyrir miðju. Á hinum endanum eru tveir borðar sitt hvoru megin við miðjuna.



4

- Leggðu borðana yfir kubbinn.
- Þegar þrjár borðar liggja yfir kubbnum leggur þú næsta kubb ofan á. Passaðu upp á að herða borðann ekki of mikið en athugaðu líka að hann má ekki liggja of laus.
- Endurtaktu þar til síðasti kubburinn er kominn í staflann.



5

- Smeygðu gúmmíteygju þvert yfir alla kubbana (eða fáðu hjálp).
- Tylltu endunum á borðunum með lími við síðasta kubbin, eins og þú gerðir í upphafi.
- Festu kubbastaflann í hefilbekkinn með teygjunni á.

JAKOBS- STIGI

EFNI

- gúmmíteygja
- naglar
- silkiborði
- viðarlengja

VERKFÆRI

- bakkasög
- hamar
- límstifti
- hamar
- tommustokkur
- vinkill

6

- Nú þarf að festa borðana. Negldu einn nagla fyrir miðju á hverjum borða.
- Snúðu kubbnum við og endurtaktu
- Til að tryggja að borðinn sé vel festur er gott að fá kennara til að hefta niður borðana með heftibyssu.

7

- Taktu teygjuna af stafnum og snyrtu til endana á borðunum ef þarf.
- Opnaðu varlega og leiktu þér.

